

2. Bogfimiþing  
Bogfimisambands Íslands



**bogfimisamband  
íslands**

*11. mars 2023  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
Reykjavík*

## 1. Þingsetning

Formaður BFSÍ Guðmundur Örn Guðjónsson bauð þingfulltrúa og gest velkomna á annað bogfimiþing og setti þingið.

## 2. Þriggja manna kjörbréfanefnd kosin

Lögð er fram tillaga um Izaar Arnar Þorsteinsson, Harald Gústafsson og Indriða Ragnar Grétarsson.

Spurt var eftir fleiri tillögum en engar voru lagðar fram. Kjörbréfanefnd var því sjálfkjörin með lófaklappi þinggesta.

Kjörbréfanefnd var beðin um að taka til starfa samstundis og Izaar Arnar Þorsteinsson var beðinn um að leiða nefndina.

## 3. Kosning þingforseta

Gerð er tillaga um Valdimar Leó Friðriksson til þingforseta, engin mótframboði eru.

Tillagan er samþykkt af þingfulltrúum með lófaklappi.

Þingforseti þakkaði traustið og tilkynnti að eftir skoðun á fundarboði að boðað hafi verið til þingsins á lögmaetan hátt. Þingforseti bauð viðstöddum að bera upp athugasemdir, engar athugasemdir tengt boðun bárust og skoðast þingið því löglegt.

## 4. Kosning þingritara

Gerð er tillaga um Valgerði Einarsdóttir Hjaltsted. Engin mótframboð eru hún telst því sjálfkjörin með lófaklappi.

## 5. Ávarp gesta.

Þingforseti frestar dagskrálið ávarpi gesta til að gefa gestum færi á að hlusta á skýrslu stjórnar um stöðu mála fyrir ávarp sitt.

## 6. Niðurstaða kjörbréfanefndar

Kjörbréfanefnd hafði ekki lokið sínum störfum og því frestaði þingforseti þeim lið á meðan nefndin lýkur sínum störfum og farið var í næsta lið á dagskrá.

## 7. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Formaður BFSÍ kynnti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar 2021 var kynnt á formannafundi 2022 og hefur verið á vefsíðu BFSÍ í ár núna, formaður fór því aðeins ítarlega yfir ársskýrslu 2022. Eftir að formaður hafði lokið máli sínu spurði þingforseti hvort að einhver vildi ræða eða spyrja um skýrslu stjórnar. Svo var ekki.

## 8. Niðurstaða kjörbréfanefndar

Þingforseti kallar upp formann kjörbréfanefndar Izaar Arnar Þorsteinsson til þess að kynna niðurstöðu kjörbréfanefnda, formaður kjörbréfanefndar tilkynnir að 13 þingfulltrúar með atkvæði mættu á þingið. Þingforseti spyr hvort að athugasemdir séu við talningu kjörbréfanefndar. Formaður BFSÍ gerir athugasemd um að þeir ættu að vera 12 og óskar eftir endurtalningu. Endurtalning sýnir að 12 þingfulltrúar með atkvæði séu mættir til þingsins. Engar frekari athugasemdir voru gerðar við störf kjörbréfanefndar.

## 9. Reikningar lagðir fram og kynntir

Gjaldkeri BFSÍ Albert Ólafsson leggur fram og kynntir ársreikninga BFSÍ.

Gjaldkeri BFSÍ fer ítarlega yfir ársreikninga BFSÍ fyrir þingheim. Gjaldkeri baðst velvirðingar á því hve langan tíma tók að birta ársreikninga og tjáði að helsta ástæða þess væri að Evrópumeistaramótinu

innandyra var aflýst stuttu eftir áramót, því muni fylgja högg á fjármál sambandsins sem var óljóst hvort að ætti að færa að hluta á árið 2022.

Spurt var um ýmis atriði í ársreikningum þó að flest af þeim hafi verið tengt því almennt hvernig ársreikningar eru gerðir t.d. af hverju innkoma er færð sem tekjur, hvernig bókhald er fært í íþróttahreyfingunni, hvernig mannvirkjakostnaður er færður og slíkt. Gjaldkeri svaraði öllum spurningum sem bárust ítarlega.

Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikninga sambandsins en þingforseti kom á framfæri ábendingu til stjórnar að birta ársreikninga tímanlega í framtíðinni svo að þingfulltrúar hafi lengri tíma til að kynna sér þá fyrir þing.

Þingforseti ber ársreikninga undir atkvæði og eru þeir samþykktir einróma.

## 10. Ávarp gesta.

Þingforseti opnar fyrir liðinn ávarp gesta.

Einn gestur tekur orðið Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ. Andri skilar kveðjum frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ og að þau hafi átt mjög ánægjulegt samstarf við BFSÍ á þeim stutta tíma sem sambandið hefur verið til og líka með bogfiminefndinni sem er forveri sambandsins. Andri fer yfir ýmis verkefni ÍSÍ og hvernig það snertir íþróttahreyfinguna almennt og BFSÍ. Andri lýsti einnig yfir ánægju sinni yfir hraðri þróun og vexti BFSÍ og bogfimiþróttu hingað til.

## Þinghlé.

## 11. Fjárhagsáætlun lögð fram og borin undir atkvæði

Gjaldkeri BFSÍ lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun BFSÍ 2023-2024. Gjaldkeri benti á að aflýsing EM innandyra sem gerðist stuttu fyrir þing muni hafa áhrif á tölur í fjárhagsáætlun 2023, en óljóst á þessum tímapunkti hve mikil áhrifin verða þar sem svo stutt er síðan það kom upp.

Þingforseti opnaði fyrir umræður og spurningar tengt liðnum. Spurt var um ýmis atriði tengt fjárhagsáætlun, þó að flestar spurningar sem bárust hafi verið almennt um hvernig fjárhagsáætlanir virka, hvernig lottótekjur virka og hvernig tölur eru áætlaðar. Öllum spurningum sem bárust var svarað eftir bestu getu. Engar athugasemdir voru gerðar við fjárhagsáætlun.

Þingforseti ber fjárhagsáætlun undir atkvæði og er hún samþykkt einróma.

## 12. Lagabreytingar.

Í stað þess að leggja fyrir breytt lög í heild sinni til samþykktar lagði formaður BFSÍ til að farið yrði yfir hverja lagabreytingar tillögu fyrir sig og þær samþykktar eða hafnaðar áður en breytt lög væru lögð fyrir til samþykktar í heild sinni. Þingforseti gaf leyfi fyrir því.

1. Formaður BFSÍ fer yfir breytingu á orðalagi á 2. Grein laga BFSÍ. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur breytingu á 2. Grein laga BFSÍ fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
2. Formaður BFSÍ fer yfir breytingu á orðalagi á 3. Grein laga BFSÍ. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur breytingu á orðalagi á 3. Grein laga BFSÍ fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
3. Formaður BFSÍ leggur fram frávísunar tillögu á breytingu á orðalagi á 5. Grein laga BFSÍ (viðbót félagsgjalda). Þingforseti gefur orðið laust gagnvart frávísunartillögunni, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur frávísunartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma. Breytingu á orðalagi á 5. Grein laga BFSÍ er vísað frá.

4. Formaður BFSÍ fer yfir breytingu á orðalagi á 6. Grein laga BFSÍ, að breyta fulltrúafjölda fyrir fyrsta þingfulltrúa úr „0 til og með 50“ í „1 til og með 50“. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
5. Formaður BFSÍ fer yfir breytingu á orðalagi á 6. Grein laga BFSÍ, að breyta fulltrúafjölda fyrir fyrsta þingfulltrúa úr „1 til og með 50“ í „1 til og með 100“. Þingforseti gefur orðið laust, ýmsar umræður um fjölda fulltrúa, núverandi stærð íþróttafélaga og slíkt. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Henni er hafnað einróma.
6. Formaður BFSÍ fer yfir breytingu á orðalagi á 6. Grein laga BFSÍ, að breyta fulltrúafjölda þannig að það bætist við einn fyrir hverja hundrað iðkendur til viðbótar við fyrsta fulltrúa. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
7. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 6. Grein, um að bæta við að fundarboð á Bogfimiþing skuli sent sambandsaðilum og ÍSÍ (viðbót ÍSÍ). Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
8. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 7. Grein, um að hvert íþróttahérað geti sent einn fulltrúa frá sinni stjórn á bogfimiþing í stað þess að engin takmörk séu, m.a. til að auðvelda skipulag þinga. Þingforseti gefur orðið laust, stutt samræða um muninn á íþróttahéruðum og íþróttafélögum og skipulag Bogfimiþinga upp á fjölda þingfulltrúa. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
9. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 7. Grein, að taka út fulltrúa menntamálaráðherra sem þingfulltrúa með rétt til setu á þingi. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
10. Formaður BFSÍ leggur fram frávísunar tillögu á breytingum á orðalagi á 8. Grein lið 10 í samræmi við að lagabreytingum um viðbót félagsgjald var vísað frá. Þingforseti leggur fyrir frávísunartillögu á breytingum á 8. Grein lið 10. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur frávísunartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
11. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 8. Grein lið 11, viðbót á því að aðeins eru teknar fyrir lagabreytingartillögur sem borist hafa með löglegum fyrirvara til að skýra orðalag. Þingforseti spyr hvort að nefnt sé annar staðar í lögum hver fyrirvarinn er, formaður BFSÍ segir að svo sé. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
12. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 8. Grein, skýrara orðalag um hvernig eigi að taka á jafnteflum í stjórnarkjöri á þingum. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
13. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 9. Grein lið 1, um að breyta tímabili formanns úr 2 ára tímabili í 4 ára tímabil til að samræma lengd tímabila upp á framtíðar viðbót tímabila takmarkana í samræmi við góða stjórnhætti. Þingforseti gefur orðið laust, nokkrir kveða sér orðið um að þeim finnst 2 ár vera meira viðeigandi, formaður bendir á að alþjóðasambönd sem BFSÍ á aðild að og ÍSÍ séu einnig með 4 ára tímabil á formönnum/forsetum og að lagabreytingar tillagan hafi komið til vegna ábendinga starfsmanns ÍSÍ sem sérhæfir sig í góðum stjórnháttum og breytingin sé hluti af góðum stjórnháttum sérsambanda. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði, 7 atkvæði eru fylgjandi 4 á móti. 8 atkvæði (2/3 hluta) þarf til lagabreytinga og er lagabreytingar tillagan er því felld.

14. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 9. Grein lið 2, um orðun á grein um meðstjórnendur í skýrara orðalag. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
15. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 9. Grein, um viðbót á grein um hvenær stjórnarmenn teljist óvirkir eða hættir störfum og ferli sem notast er við þegar að slíkt kemur upp, og að stjórn sé heimilt að halda úti frekari reglum/skilgreiningum um slíkt, tengt góðum stjórnháttum. Þingforseti gefur orðið laust. Umræður um hvernig slíkt fari fram. Lögð er fram breytingartillaga að viðbót þess að slíkar reglur sem stjórn skapar séu lagðar fyrir formannafundi. Þingforseti leggur breytingartillöguna fyrir atkvæði. Breytingartillagan er samþykkt einróma. Þingforseti leggur breytta lagabreytingartillögu fyrir atkvæði. Hún er samþykkt einróma.
16. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 9. Grein, vegna breytingu á kynskráninga á þjóðskrá þurfi einnig að breyta því orðalagi í lögum BFSÍ að þar sem þess er kostur skuli stjórn ekki öll vera af sömu kynskráningu. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Lagabreytingartillagan er samþykkt einróma.
17. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 10. Grein, um að lágmarks fjölda stjórnarfunda verði 4 í samræmi við góða stjórnhætti. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Lagabreytingartillagan er samþykkt einróma.
18. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á orðalagi á 10. Grein, um jafntefli á stjórnarfundum, engin breyting á meiningu greinarinnar bara tillaga að breyttu orðalagi sem stjórn barst frá starfsmanni ÍSÍ tengt góðum stjórnháttum. Þingforseti gefur orðið laust. Miklar umræður um hvenær geti orðið jafntefli á stjórnarfundum með 5 manna stjórn. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Lagabreytingartillagan er samþykkt einróma.
19. Formaður BFSÍ fer yfir viðbót á 10. Grein lið 11, um að hlutverk stjórnar sé einnig að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um bogfímimál sem lög og reglugerðir BFSÍ ná ekki yfir. Þingforseti gefur orðið laust. Einhver umræða um hvenær þessi grein ætti við. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Lagabreytingartillagan er samþykkt einróma.
20. Formaður BFSÍ fer yfir breytingar á 12. Grein, um viðbót þess að lagabreytingartillögur sem lagðar séu fyrir þing sé samþykktar eða hafnað án breytinga á orðalagi á þeim. Þingforseti gefur orðið laust. Töluverð umræða um þessa grein t.d. hver áhrif hennar væru. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Vísað var frá lagabreytingartillögunni með öllum greiddum atkvæðum.
21. Formaður BFSÍ fer yfir breytingu á orðalagi á 16. Grein, um að taka út orðið keppendum og að engum megi mismuna. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér orðið. Þingforseti leggur lagabreytingartillöguna fyrir atkvæði. Lagabreytingartillagan er samþykkt einróma.
22. Þingforseti leggur breytt lög fyrir í heild sinni með öllum þeim breytingum sem fjallað hefur verið um. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér orðið. Þingforseti leggur breytt lög BFSÍ fyrir atkvæði. Breytingar á lögum BFSÍ eru samþykktar einróma.

### 13. Aðrar tillögur kynntar í fundarboði

#### a) Afreksstefna kynnt og lögð fyrir til samþykktar

Íþróttastjóri BFSÍ kynnir uppfærða afreksstefnu BFSÍ 2021-2029. Fáar efnislegar breytingar eru á stefnunni og mest orðalags breytingar/lagfæringar og uppfærslur til þess að samhæfa við viðmið og skilgreiningar ÍSÍ og breytingar á reglum alþjóða bogfimisambandsins World Archery.

Þingforseti gefur orðið laust. Einhverjar spurningar voru, umræður og útskýringar á mismunandi atriðum afreksstefnunnar. Íþróttastjóri svaraði öllum fyrirspurnum sem bárust og útskýrði þau atriði sem óskað var skýringa á.

Þingforseti leggur breytta Afreksstefnu BFSÍ 2021-2029 fyrir atkvæði. Breytt afreksstefna er samþykkt einróma.

**b) Tillaga að félagsgjöldum 2023-2024**

Þessi liður féll niður og ekki var fjallað um hann þar sem lagabreytingar tillögur tengt þessum lið var vísað frá og því engin félagsgjöld til þess að setja.

**c) Aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ 2021-2024 kynnt**

Íþróttastjóri BFSÍ kynnir stutt aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ. Áætlunin er óbreytt frá síðasta þingi. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kvað sér orðið og var þá farið í næsta dagskrár lið.

**d) Heildarstefna BFSÍ 2021-2024 kynnt**

Þingforseti boðar Albert Ólafsson í pontu til þess að kynna heildarstefnu BFSÍ 2021-2024. Albert fjallar stutt um heildarstefnuna en hún hefur ekki breyst frá síðasta þingi. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kvað sér orðið.

**14. Kosningar.**

**a) Stjórn:**

**i) Formaður til tveggja ára**

Framboð sem bárust fyrir tilsettan frest voru:  
Guðmundur Örn Guðjónsson

Guðmundur Örn Guðjónsson var sjálfkjörinn til formanns Bogfimisambands Íslands með lófaklappi þingfulltrúa.

**ii) Tveir meðstjórnendur til fjögurra ára**

Framboð sem bárust fyrir tilsettan frest voru:  
Astrid Daxböck  
Oliver Ormar Ingvarsson

Astrid og Oliver voru sjálfkjörin til stjórnar Bogfimisambands Íslands með lófaklappi þingfulltrúa.

**iii) Þrjú varamenn til tveggja ára**

Framboð sem bárust fyrir tilsettan frest voru:  
Guðbjörg Reynisdóttir, fyrsti varamaður  
Alfreð Birgisson, annar varamaður  
Frost Ás Þórðarson, þriðji varamaður

Varamenn voru sjálfkjörnir lófaklappi þingfulltrúa.

Þar sem ekki var kosning um varamenn var þeim raðað eftir tillögu sem lögð var fram um að Guðbjörg væri fyrsti varamaður, Alfreð annar og Frost þriðji. Tillagan var samþykkt einróma.

**b) Tveir skoðunarmenn reikninga**

Gerð var tillaga um: Ólaf Gíslason og Hauk Hallsteinsson. Engir aðrir gáfu kjör á sér.

Skoðunarmenn voru sjálfkjörnir með lófaklappi þingfulltrúa.

**15. Tillögur og önnur mál lögð fyrir þingið sem þingmeirihluti leyfir, umræða og atkvæðagreiðsla**

- a) Þingið leyfir að taka fyrir tillögu um valfrjálst aðildargjald BFSÍ. Formaður BFSÍ fer í stuttu máli yfir tillöguna sem fjallar um aðildargjald að BFSÍ og að það sé 3.000.kr per iðkanda og aðildarfélagum valfrjálst að greiða aðildargjaldið.

Þingforseti gefur orðið laust. Einhver umræða um tillöguna, mest tengt því að þetta sé mun betra fyrirkomulag en skyldu félagsgjöld sem lögð voru fyrir í lagabreytingum. Þingforseti leggur tillöguna fyrir atkvæði og hún er samþykkt einróma.

**16. Þingforseti bauð upp á liðinn umræður og önnur mál ef einhver vildi tjá sig um eitthvað.**

- a) Umræða um vont veður á mótum og á hvaða tímapunkti ætti að fresta eða aflýsa mótum.  
b) Ábending til stjórnar að til viðbótar við birtingu þinggagna í þingboðum til sambandsaðila, tölvupósti og á þingsíðu á vefsíðu BFSÍ að birta einnig þinggögn undir liðnum fréttir á vefsíðu BFSÍ.

**17. Þingslit**

Þingforseti þakkaði fyrir sig og þakkaði starfsmönnum þingsins og gaf orðið til formanns BFSÍ sem þakkaði öllum fyrir komuna og sleit þinginu.